

## 1997 nr. 96 27. maí

### [Lög um slátrun og sláturafurðir]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 143/2009, 46. gr.

Tóku gildi 1. júní 1997. Breytt með l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 82/2002 (tóku gildi 1. júní 2002), l. 76/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbbáv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 143/2009 (tóku gildi 1. mars 2010 nema II.–IV. kafli sem tóku gildi 1. nóv. 2011 (utan 43. gr. í IV. kafli sem tók gildi 1. mars 2010) og 54. og 55. gr. og 9. efnismgr. 63. gr. sem tóku gildi 1. mars 2011; EES-samningurinn: I. og II. viðauki reglugerð 178/2002) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint séristaklega eða til þess víða, er átt við atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kaffli. Tilgangur, gildissvið o.fl.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja svo sem kostur er gæði, heilnæmi og hollustu sláturafurða, að þær séu ómengðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, að þær séu metnar og flokkadur eftir tegundum og gæðum og að merkingar og upplýsingar séu réttar.

■ **2. gr.** Lög þessi ná yfir:

- a. eldi og heilbrigði sláturðýra,
- b. slátrun, hlutun, úrbeiningu og vinnslu sláturafurða í sláturhúsum,
- c. framleiðslu á kjötvörum í sláturhúsum og vinnslustöðvum sem vinna sláturafurðir á erlendan markað,
- d. geymslu og flutning sláturafurða og aðstöðu og meðferð þeirra á útflutningsstað,
- e. heilbrigðisskoðun og rannsóknir á sláturðýrum og sláturafurðum,
- f. gæðamat, flokkun og merkingu á kjöti,
- g. heimaslátraðar afurðir,
- h. villibráð sem fer til frekari vinnslu í kjötvinnslustöðvum.

■ **3. gr.** Merking orða er í lögum þessum sem hér segir:

*Kjötmatsmaður:* Hver sá kjötmatsmaður sem hefur fengið viðurkenningu [ráðuneytisins].<sup>1)</sup>

*Kjötskoðunarlaeknir:* Héraðsdýralaeknir, eða annar dýralaeknir samkvæmt ákvörðun [Matvælastofnunar],<sup>2)</sup> sem annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum.

*Kjötvinnslustöð:* Hver sú aðstaða, tengd sláturhúsi, sem hefur verið löggilt til vinnslu sláturafurða eða til útflutningsafurða á erlendan markað.

*Slátrari:* Hver sá aðili sem hefur hlotið viðurkenningu [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> til að starfa sem slátrari.

*Sláturafurðir:* Kjöt og slátur af öllum sláturðýrum.

*Sláturðýr:* Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.

*Sláturleyfishafi:* Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

*Sláturúrgangur:* Afurðir sem falla til við slátrun sláturðýra og ekki eru nýttar til manneldis.

*Villibráð:* Villt dýr sem ætluð eru til manneldis.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **4. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur yfirsíðjón heirra mála sem lög þessi takar til. [[Matvælastofnun]]<sup>2)</sup> skal vera [ráðherra]<sup>1)</sup> til aðstoðar og ráðuneytis um allt er lýtur að framkvæmd laganna.<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>3)</sup> L. 76/2005, 13. gr.

■ **4. gr. a.** Lög nr. 93/1995, um matvæli, gilda um slátrun og sláturafurðir. Sama á við um reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim lögum.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 143/2009, 42. gr.

#### II. kaffli. Útbúnaður sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

■ **5. gr.** Sláturðýrum, sem slátra á til að flytja afurðirnar á erlendan markað eða til dreifingar og neyslu innan lands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum. Kæling og frysting afurðanna skal fara fram í viðurkenndum kælum og frystum og geymsla þeirra í viðurkenndum kæligeymslum og frystigeymslum.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> löggildir sláturhús, kjötgeymslur og kjötvinnslustöðvar, að fengnum meðmælum [Matvælastofnunar],<sup>2)</sup> ef húsin eru svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði að hægt sé þess vegna að fullnægja öllum kröfum um gæði, heilnæmi og hollustu afurðanna. Í löggildingu sláturhúss skal tilgreina hámarksdagsslátrun. Í sláturhúsum og kjötvinnslustöðvum skulu vera löggiltar vogir.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>3)</sup> um gerð og búnað sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, lágmarkskröfur varðandi fyrirkomulag, hreinlæti og útbúnað þeirra, rekstur rannsóknastofa, reglur um notkun hreinsi- og sótthreinsiefna og eftirlit með heilsufari starfsfólks.

□ Eigendum lögbýla er heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur sett reglur um töku og sendingu sýna til rannsókna úr þessum sláturðýrum og afurðum samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>3)</sup> Rg. 260/1980, sbr. 417/2002, 688/2002, 783/2011 og 562/2012. Rg. 461/2003, sbr. 449/2012. Rg. 637/2005, sbr. 655/2011. Rg. 489/2009.

■ **6. gr.** Hver sá sem hyggst slátra dýrum sem lög þessi takar til í þeim tilgangi að dreifa afurðum skal senda [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> umsókn um löggildingu aðstöðu til slátrunar, kælingar, frystingar, vinnslu og geymslu sláturafurða. Hver sá sem hyggst byggja hús til slátrunar, úrvinnslu eða geymslu sláturafurða eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum skal senda [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> teikningar af húsum og fá samþykki þess á þeim áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu skulu kjötskoðunarlaeknar annast árlega skoðun á sláturhúsum, kjötgeymslum og kjötvinnslustöðvum undir stjórn [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> og samkvæmt reglum sem [stofnunin]<sup>3)</sup> settar.

□ Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um þekkingu og verkunnáttu verkstjóra og slátrara, en í hverju sláturhúsi skal að öðru jöfnu starfa maður með slátraramenntun.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>3)</sup> L. 76/2005, 14. gr.

■ **7. gr.** Nú fullnægir sláturhús, kjötgeymsla eða kjötvinnslustöð eigi lengur skilyrðum fyrir löggildingu, og ber þá kjötskoðunarlaekni sem eftirlitið hefur annast að skýra þeim sem sláturleyfi hefur og [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> samstundis frá því. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> setur umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það sem ábótavant er. Löggildingu fellur niður um stundarsakir ef eigi er bætt úr göllum innan frestsins. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> tilkynnir þá jafnframt ráðherra að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð uns úr hefur verið bætt.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **8. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> ákvæði um flutning sláturafurða á markað, útbúnað flutningatækja og meðferð afurðanna í flutningi.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> Rg. 461/2003, sbr. 449/2012.

■ **9. gr.** Slösudum dýrum má slátra utan sláturhúsa í samræmi við nánari reglur sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur að fengnum tilögum [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> og í samráði við [pann ráðherra er fer með málefni dýraverndar].<sup>1)</sup>

□ Ekki má koma með sýnilega sjúk dýr í sláturhús til förgunar, nema sérstakur klefi sé til þeirra nota einna í sláturhúsini.

□ Sjálfdaðar skepnur eða afurðir af þeim má alrei flytja í sláturhús, kjötgeymslur eða kjötvinnslustöðvar.

□ Slátturdýr, sem komin eru í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs heldur skal þeim slátrað, nema til komi leyfi [Matvælastofnunar].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

### III. kaffli. Eftirlit.

■ **10. gr.** Slátturdýr mega ekki vera haldin sjúkdómi né bera leifar lyfja eða annarra aðskotaefna sem geta verið hættuleg heilsu neytenda.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> ákvæði um:

- a. rannsóknir og eftirlit slátturdýra til að tryggja heilbrigði og heilnæmi afurðanna,
- b. söfnun gagna og nauðsynlega sýnatöku úr slátturdýrum heima á lögbýlum til að kanna útbreiðslu sjúkdóma, smitefna og aðskotaefna, þar með talin vaxtaraukandi efni,
- c. hvernig háttá skal sýnatöku úr sláturafurðum varðandi gerlamengun, lyfjaleifar, aðskotaefni og vaxtaraukandi efni,
- d. heilbrigðisskoðun og merkingar á slátturdýrum og sláturafurðum og um meðferð afurðanna,
- e. geymslu, meðferð og ráðstöfun á sýktum sláturafurðum og sláturúrgangi,
- f. lágmarksreglur varðandi innra eftirlit sláturhúsa.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> Rg. 251/1995, sbr. 563/2012. Rg. 650/2001. Rg. 653/2001, sbr. 866/2002, 580/2003, 639/2003, 480/2004, 578/2005, 91/2007, 798/2007, 965/2007, 1218/2007, 124/2008, 196/2008, 443/2008, 569/2008, 35/2009, 329/2009, 381/2009, 677/2009, 908/2012 og 399/2013. Rg. 461/2003, sbr. 449/2012. Rg. 1011/2011, sbr. 371/2012. Rg. 1012/2011. Rg. 1013/2011. Rg. 1014/2011, sbr. 214/2012. Rg. 30/2012. Rg. 41/2012, sbr. 356/2012. Rg. 211/2012. Rg. 212/2012, sbr. 370/2012. Rg. 213/2012. Rg. 217/2012. Rg. 303/2012. Rg. 369/2012. Rg. 371/2013. Rg. 372/2013.

■ **11. gr.** [Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum slátturdýrum áður en slátrað er. Skoðunina skal framkvæma innan 24 klukkustunda frá komu í sláturhús og innan 24 klukkustunda fyrir sláturhúsinu. Þá skal heilbrigðisskoðun á öllum sláturafurðum fara fram í sláturhúsinu áður en frekari vinnsla fer fram eða þær eru afhentar til dreifingar. Að skoðun lokinni skal merkja allar sláturafurðirnar samkvæmt reglugerð<sup>1)</sup> er [ráðherra]<sup>2)</sup> setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á sláturafurðum að fengnum tillögum Matvælastofnunar.

□ Fyrir eftirlit samkvæmt lögum þessum skulu sláturleyfishafar greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtoldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

□ Matvælastofnun framkvæmir viðbótareftirlit, þar á meðal rannsóknir, með sláturafurðum og slátturdýrum þegar tiltekin starfsemi eða afurðir sláturleyfishafa eða framleiðanda eru ekki taldar uppfylla þær almennu og eðlilegu kröfur sem gerðar eru til meðferðar eða heilbrigðis sláturafurða vegna vísbendinga um smitefni, mengun eða brot gegn heilbrigðis-eða starfsreglum eða skyldra atvika. Raunkostnað af viðbótareftirliti ber sláturleyfishafi eða framleiðandi, eftir því hvaða starfsemi sætir viðbótareftirliti. Framkvæma má viðbótareftirlit þrátt fyrir að sláturafurðir hafi þegar hlutið heilbrigðis-vottun.

□ [Ráðherra]<sup>2)</sup> er heimilt að setja reglugerð<sup>3)</sup> um framkvæmd og inntak eftirlits og skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitið að fengnum tillögum Matvælastofnunar. Ráðherra skal kynna Landssamtökum sláturleyfishafa og Bændasamtökum Íslands efni og forsendur reglugerðar og gjaldskrár með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og óska eftir umsögnum þeirra. Hafi umsagnir þeirra ekki borist ráðherra að mánuði liðnum er honum þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra. Miða skal við að gjaldskrá verði gefin út með eins árs millibili og taki mið af rekstraruppgjöri eftirlits fyrir heilt rekstrarar.

□ Við gerð reglugerðar og gjaldskrár skal ráðherra taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar slátrun er um að ræða og viðkomandi áhættuþáttá,

b. hagsmunu sláturleyfishafa með litla framleiðslu,

c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,

d. parfa sláturleyfishafa með aðsetur á svæðum sem líða fyrir tilteknar landfræðilegar takmarkanir.

□ Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi Matvælastofnunar. Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Matvælastofnun er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjákröfum vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi. Einnig er heimilt að taka gjald vegna raunkostnaðar við sýnatöku og rannsóknir á slátturdýrum og afurðum sem slátrað er með heimild í 4. mgr. 5. gr.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um innheimtu gjalds fyrir eftirlit á landamerastöðvum með innflutningi frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Þá skulu ákvæði þessarar greinar einnig gilda eftir því sem við á um eftirlitsgjöld Matvælastofnunar vegna eftirlits sem hún felur faggiltum aðilum að framkvæma samkvæmt lögum þessum.<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 461/2003, sbr. 449/2012. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>3)</sup> Rg. 567/2012, sbr. 59/2013. <sup>4)</sup> L. 143/2009, 44. gr.

■ **12. gr.** Kjötskoðunarlæknir annast heilbrigðisskoðun og sér um að fram fari merking á kjöti og öðrum sláturafurðum. Ef nauðsyn krefur má fela heilbrigðisskoðun þessa öðrum sem í því skyni hafa næga þekkingu og þjálfun að mati [Matvælastofnunar],<sup>1)</sup> enda starfi þeir eingöngu undir stjórn kjötskoðunarlæknis.

□ Kjötskoðunarlæknir skal hafa eftirlit með því að fyllsta hreinlætis sé gætt í sláturhúsi, umgengni sé þrifaleg og afurðirnar óhreinkist ekki eða sóttmengist. Hann skal hafa eftirlit með þrifum og sóthreinsun á byggingum og búnaði í sláturhúsum og í kjötvinnslustöðvum sem lög þessi ná til. Þá skal hann hafa eftirlit með meðferð afurða, svo sem kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökkun, merkingu og hleðslu flutningatækja.

□ Kjötskoðunarlæknir skal fylgjast reglulega með innra eftirliti sláturhúsa og kjötvinnslustöðva.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **13. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 143/2009, 44. gr.

### IV. kaffli. Meðhöndlun og heilbrigði sláturafurða.

■ **14. gr.** Sláturafurðir og unnar kjötvörur má ekki framleiða, selja eða afhenda ef afurðirnar eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.

□ Slátturafurðum, sem reynast spilltar eða sýktar svo að hætta getur stafað af til manneldis eða fóðurgerðar samkvæmt ákvörðun kjötskoðunarlaenesis, skal þegar í stað eytt samkvæmt reglum sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur fyrirskipað dreifingarbann, upptöku og eyðingu á vörum sem ekki uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögunum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð<sup>2)</sup> um slátrun, kælingu, frystingu, hlutun, brytjun, pökken, flutning og aðra meðferð slátturafurða.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> Rg. 653/2001, sbr. 866/2002, 580/2003, 639/2003, 480/2004, 578/2005, 91/2007, 798/2007, 965/2007, 1218/2007, 196/2008, 443/2008, 569/2008, 35/2009, 329/2009, 381/2009, 677/2009, 908/2012 og 399/2013. Rg. 461/2003, sbr. 449/2012. Rg. 489/2009. Rg. 882/2010.

## V. kafli. Gæðamat slátturafurða.

■ **15. gr.** Kjötmatsmenn skulu meta allar slátturafurðir sem fluttar eru á erlendan markað eða til sölu innan lands og flokka og merkja eftir tegundum og gæðum. Þá gæta kjötmatsmenn þess, í samvinnu við kjötskoðunarlaenesis, að reglum um slátrun og slátturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð slátturafurða. Um störf og skyldur kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur. Slátturleyfishafar greiða allan kostnað af starfi kjötmatsmanna.

□ Heimilt er að óska eftir yfirmati á slátturafurðum og skal rökstudd beiðni þar um send [Matvælastofnun].<sup>2)</sup>

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð um gæðamat, flokkun og merkingu á slátturafurðum að fengnum tillögum [Matvælastofnunar]<sup>2)</sup> er hafi samráð við helstu hagsmunaaðila.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 252. gr. <sup>2)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **16. gr.** [[Matvælastofnun]<sup>1)</sup>] samræmir mat og flokkun á slátturafurðum samkvæmt reglugerðum sem settar eru um þau efni. [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> getur einnig, eftir því sem þörf er á, gert athugun á slátturafurðum sem ætlaðar eru til dreifingar innan lands eða á erlendan markað].<sup>2)</sup>

□ Til að standa straum af kostnaði við yfirmat samkvæmt lögum þessum skal innheimta sérstakt gjald. Gjald þetta, sem slátturleyfishafar greiða, skal vera 0,55 kr. á hvert kíló kjöts sem innvegið er í slátturhúsi. [Ráðherra]<sup>3)</sup> er heimilt að kveða nánar á um innheimtu gjaldsins með reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> L. 76/2005, 17. gr. <sup>3)</sup> L. 126/2011, 252. gr.

## VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **17. gr.** Ráðherra setur, að fengnum tillögum [Matvæla-

stofnunar],<sup>1)</sup> gjaldskrá<sup>2)</sup> þar sem kveðið er á um leyfisgjöld fyrir kjötvinnslustöðvar og uppruna- og heilbrigðisvottorð fyrir slátturafurðir sem seldar eru innan lands eða fluttar á erlendan markað. Við ákvörðun gjalda skal miða við að tekjur standi undir nauðsynlegum kostnaði við úttekt á kjötvinnslustöð og útgáfu heilbrigðisvottorða.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr. <sup>2)</sup> Rg. 567/2012, sbr. 59/2013.

■ **[17. gr. a.]** Ráðherra setur með reglugerð<sup>1)</sup> ákvæði um meðferð aukaafurða úr slátturdýrum sem skal vera í samræmi við reglugerð Evróþupingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002, frá 3. október 2002, um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 108/2010, sbr. 216/2012 og 395/2012. Rg. 120/2010. Rg. 121/2010. Rg. 122/2010. Rg. 123/2010. Rg. 124/2010. Rg. 125/2010. Rg. 126/2010. Rg. 127/2010. Rg. 489/2010. Rg. 564/2010. Rg. 565/2010. Rg. 606/2010. Rg. 169/2011. Rg. 261/2011. Rg. 820/2010. <sup>2)</sup> L. 143/2009, 45. gr.

■ **18. gr.** [Matvælastofnun]<sup>1)</sup> og kjötskoðunarlaenesis skal hvenær sem er vera heimill aðgangur að húsnæði og fyrirtækjum þar sem slátturdýr eða afurðir þeirra eru geymd og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar vegna eftirlits og rannsóknna sem óskað er á grundvelli laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 167/2007, 65. gr.

■ **19. gr.** Óheimilt er að flytja úr landi slátturafurðir sem ekki uppfylla kröfur innflutningslandsins um heilbrigði, gæði, umbúðir og merkingar.

■ **20. gr.** Ráðherra er heimilt að afturkalla löggildingu ef slátturleyfishafi brytur gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, setra samkvæmt þeim, m.a. ef slátturleyfishafi stendur ekki skil á gjöldum skv. 11., 16. og 17. gr.

## VII. kafli. Refsiákvæði og gildistaka.

■ **21. gr.** Brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>1)</sup> ef sakir eru miklar.

□ ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 240. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

■ **22. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. ....

## Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Reglugerðir, auglýsingar og önnur fyrirmæli sett samkvæmt lögum nr. 30/1966, með síðari breytingum, skulu halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þau stangast ekki á við lög þessi þar til nýjar reglugerðir, auglýsingar eða önnur fyrirmæli hafa öðlast gildi.

■ **II. ...**